



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 17/2019

Tilboðsauglýsingar Barnaheimilisins

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Barnaheimilisins ehf., rekstraraðila vefverslunarinnar husgogn.is, dags. 15. janúar 2019, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending er laut að því að barnakerrurnar Baby Jogger Elite ásamt fylgihlutum hafi verið auglýstar með afslætti í meira en sex vikur.

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 5.gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá vísaði stofnunin ennfremur til ákvæða 2. gr. og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði Meðfylgjandi erindinu var að finna skjáskot af umræddum afsláttarvörum sem tekið var og dagsett þann 15. janúar 2019. Upplýsti stofnunin fyrirtækið ennfremur um að þetta væri í annað skipti á stuttum tíma sem stofnuninni hefði borist ábending um að afsláttur væri kynntur og auglýstur lengur en sex vikur. Með vísan til framangreinds óskaði Neytendastofa eftir skýringum og athugasemdum frá fyrirtækinu.

Ekkert svar barst Neytendastofu.

Með bréfi Neytendastofu til Barnaheimilisins ehf., dags. 12. febrúar 2019, var ítrekuð fyrri krafa Neytendastofu um athugasemdir og skýringar vegna málsins. Bærisk ekki svar mætti búast við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Ekkert svar barst Neytendastofu.

2.

Með bréfi Neytendastofu til Barnaheimilisins ehf., dags. 5. mars 2019, var fyrirtækinu tilkynnt að í ljósi þess að engin svör hefðu borist stofnuninni vegna málsins, væri gagnaöflun lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



Með tölvupósti, dags. 12. mars 2019, upplýsti Barnaheimilið um að fyrirtækið hefði farið yfir þessi atriði og gert breytingar. Engar frekari skýringar var að finna.

Þann 12. mars 2019 óskaði Neytendastofa eftir frekari upplýsingum frá Barnaheimilinu um hvað fælist í umræddu orðalagi ásamt gögnum og skjáskotum af þeim breytingum sem fyrirtækið hefði framkvæmt.

Ekkert svar barst stofnuninni.

II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa farið fram á skýringar Barnaheimilisins ehf. á gildistíma tilboðsverðs á Baby Jogger Elite barnakerrum og tengdum vörum á vefsíðunni husgogn.is. Stofnunin hefur ítrekað kröfu sína um skýringar eða athugasemdir án þess að hafa fengið fullnægjandi svör eða skýringar af hálfu Barnaheimilisins.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:



„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílbod eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að neytendur séu blektir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölu.

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Í 2. mgr. 2. gr. reglnanna segir:

„Þegar vara eða þjónusta hefur verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skal lækkað verð vera venjulegt verð.“

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að seljandi auglýsi vöru sína á útsölu eða tilboðsverði í langan tíma enda felur slíkt að mati Neytendastofu ekki í sér raunverulega verðlækkun, sbr. 11. gr. laga nr. 57/2005. Þegar vara hefur verið auglýst á lækkuðu verði í sex vikur er ekki lengur um tilboð að ræða.

3.

Af gögnum málsins verður ráðið að vefverslunin husgogn.is hafi auglýst á heimasíðu sinni afslátt af Baby Jogger Elite barnakerrum og tengdum vörum í lengri tíma en sex vikur. Hefur verslunin auglýst umræddan afslátt á heimasíðu sinni samfellt frá því Neytendastofa krafðist skýringa verslunarinnar með bréfi, dags. 15. janúar 2019, þrátt fyrir tölvupóst fyrirtækisins, dags. 12. mars 2019, um að gerðar hefðu verið breytingar. Baby Jogger Elite barnakerrur og tengdar vörur eru því enn og hafa verið auglýstar á tilboðsverði samfellt í a.m.k. 12 vikur.

Með vísan til framangreinds hefur Barnaheimilið, rekstraraðili vefverslunarinnar husgogn.is, brotið gegn ákvæðum 8. gr., d. lið 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 og 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008, með því að hafa auglýst Baby Jogger Elite barnakerrur og tengdar vörur á tilboðsverði í meira en sex vikur.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Barnaheimilinu að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.



III.

Ákvörðunarorð:

„Barnaheimilið ehf., Fossaleyni 2, Reykjavík, rekstraraðili vefverslunarinnar husgogn.is, hefur, með því að auglýsa Baby Jogger Elite barnakerrur og tengdar vörur á tilboðsverði í meira en sex vikur, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Barnaheimilinu ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 10. apríl 2019

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir